




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **byggða- og skipulagsmál** 2025–2030

Fyrir græna, samkeppnishæfa og
félagslega sjálfbæra þróun á
Norðurlöndum



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Pólítískar áherslur	7
Markmið 1: Grænu umskiptin skapi skilyrði fyrir frekari þróun og ný tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki á öllum svæðum Norðurlanda, jafnt í þéttbýli sem í dreifbýli	11
Markmið 2: Norræn svæði séu samkeppnishæf og samþætt	13
Markmið 3: Lífsskilyrði séu örugg og góð í bæði þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum	16
Úttekt á samstarfsáætluninni	18
Um ritið	19

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-752>

Formáli



Peter Kullgren, landsbyggðarráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar.

Það á að vera spennandi að búa, starfa, stunda nám og reka fyrirtæki hvar sem er á Norðurlöndum. Þeirri nýju stöðu sem upp er komin í heimsmálunum fylgja jafnframt auknar kröfur í tengslum við öryggismál, afkomu og viðbúnaðarmál. Það er lykilatriði að norrænu löndin sinni þessu í sameiningu og vinni þvert á landamæri svo að hægt sé að byggja græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd sem búa við öflugan viðnámsþrótt og aðlögunarfærni þannig að við getum gert að veruleika sameiginlega framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og mest samþætta svæði heims árið 2030.

Landshlutar, borgir og sveitir Norðurlanda búa við mismunandi skilyrði og getu til að þróast. Það skiptir máli að lausnir á þeim umfangsmiklu og flóknu samfélagsáskorunum sem norrænu löndin standa frammi fyrir taki mið af þessu. Það á til dæmis við um grænu og stafrænu umskiptin og lýðfræðilegar breytingar sem hafa mismunandi áhrif á hin ýmsu svæði, borgir og sveitir.

Norðurlönd eru eitt framsæknasta og samkeppnishæfasta svæði heims þar sem nýsköpunarfyrirtæki skapa hagvöxt sem mikilvægur er fyrir velmegun okkar og velferð. Hann skapar umgjörð um góða og tryggja tilveru í borgum jafnt sem dreifðari byggðum.

Um leið hefur neikvæð þróun landpólítískrar stöðu og ótryggari veröld sýnt okkur fram á þörfina á að efla viðnámsþrótt Norðurlanda og aðlögunarhæfni og getu okkar til að takast á við mismunandi áskoranir, truflanir og krísur. Öflugt borgarasamfélag, framboð á atvinnu, menntun, samgöngum og opinberri þjónustu og þjónustu einkaaðila á friðartímum jafnt sem krísutímum er mikilvægur hluti þess að tryggja öryggi og stöðugleika landsvæða, borga og sveita á öllum Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál) skapar umgjörð um norræna samstarfið um byggða- og skipulagsmál. Þessi samstarfsáætlun fyrir árin

2025–2030 markar stefnumál og forgangsröðun fyrir norræna samstarfið á sviði byggða- og skipulagsmála. Kastljósinu er beint að þeim sviðum þar sem norrænu löndin geta í sameiningu með samstarfi, sameiginlegum aðgerðum, miðlun reynslu og þekkingaröflun stuðlað að grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlöndum.



Peter Kullgren
landsbyggðarráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
Ráðherranefndarinnar

Inngangur

Í samstarfsáætlun um byggða- og skipulagsmál er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst. Samstarfsáætlunin tekur mið af því hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina á hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum.

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála mun fram til ársins 2030 snúast um græn umskipti sem ýta undir þróun og skapa tækifæri og gagnsemi fyrir íbúa og fyrirtæki hinna ýmsu svæða Norðurlanda. Jafnframt hyggst svið byggðamála leggja áherslu á að efla samkeppnishæfni og viðnámsþrótt norrænna svæða og styðja við samstarf á landamærasvæðum. Loks hyggst svið byggðamála leggja áherslu á vinnuna við að ýta undir góð og örugg lífsskilyrði alls staðar á Norðurlöndum, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum.

Gert er ráð fyrir því að innleiðing þessarar samstarfsáætlunar um byggða- og skipulagsmál fari að miklu leyti fram í gegnum stuðning við sameiginlegar norrænar aðgerðir og verkefni (bæði innan fagsviðs byggðamála og þvert á önnur fagsvið) og með þekkingaröflun og miðlun reynslu á milli norrænna aðila.

Við gerð samstarfsáætlunarinnar var samráð haft við Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðra hagaðila. Norðurlandaráð kom að vinnunni við markmiðasetningu í samstarfsáætluninni og samráð var haft við norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndina, síðast á þemafingi Norðurlandaráðs í apríl 2024. Þá hafa meðal annars NORA, norrænu landamæranefndirnar, Nordregio og aðrir norrænir aðilar komið með athugasemdir við drög að samstarfsáætluninni.

Samstarfsáætlun þessi er stýrandi fyrir alla starfsemi ráðherranefndarinnar um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál). Ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál) samþykkti samstarfsáætlunina þann 18. júní 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Norrænn virðisauki er mikilvægt viðmið þegar meta á gildi og árangur norræns samstarfs. Norrænn virðisauki er það virði sem skapast af aðgerðum umfram það virði sem skapast í löndunum sjálfum. Norrænn virðisauki getur meðal annars orðið til af aðgerðum sem skapa norrænt samstarf og tengslanet, draga úr hindrunum og sundrung, safna saman norrænni sérfræðipekkingu og færni, raungera ónýtt tækifæri og skapa samlegðaráhrif. Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála á að skapa umtalsverðan virðisauka fyrir Norðurlönd bæði í þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar skal fara fram í samræmi við stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um innleiðingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða réttinda barna og málefna ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólitískar áherslur

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála á að leggja sitt af mörkum til aukinnar þekkingar og lausna á mikilvægum sameiginlegum og þverfaglegum samfélagslegum áskorunum í norrænu löndunum. Til þess að ná markmiðum um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd þarf lausnir sem byggjast á svæðisbundnum styrkleikum og aðlögunarhæfni byggðarlaga og efla traust og samstarf á milli allra svæða Norðurlanda. Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála skal stuðla að sjálfbæru, svæðisbundnu þróunarstarfi sem styrkir efnahagslega, umhverfislega og félagslega þróun, eykur viðnámsþol og aðlögunarhæfni svæðanna og ýtir undir norræna samþættingu og samheldni þvert á landamæri Norðurlanda og á Norður-Atlantshafssvæðinu.

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála skal stuðla að því að gera svæðið enn eftirsóknarverðara til að búa á, sækja nám og vinnu og stunda atvinnustarfsemi á. Þær áskoranir sem norræn byggðarlög standa frammi fyrir eru orðnar flóknari og teygja sig í auknum mæli yfir landamæri. Þær geta krafist lausnamiðaðrar nálgunar þvert á mörg stjórnsýslustig og landamæri og atvinnusóknarsvæði. Sameiginleg áætlanagerð í byggðahagfræðilegum, félags-, loftslags- og umhverfislegum málefnum varðandi innviðaupbyggingu, sem skapi forsendur fyrir sjálfbærum hagvexti, aukinni samkeppnishæfni og árangursríkum umskiptum í norrænu atvinnulífi er þess vegna mikilvæg.

Þeirri nýju stöðu sem upp er komin í heimsmálunum fylgja jafnframt auknar kröfur hvað varðar öryggismál, viðbúnað og birgðaöryggi á öllum Norðurlöndum. Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála á að stuðla að því að styrkja getu Norðurlanda til þess að takast á við margvíslega erfiðleika og krísur. Þróun á, nálægð við og jafnt aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum, skiptir miklu máli fyrir viðnámsþolin og aðlögunarhæf byggðarlög.

”

Kastljósinu er beint að þeim sviðum þar sem norrænu löndin geta í sameiningu – með samstarfi, sameiginlegum aðgerðum, miðlun reynslu og þekkingaröflun – stuðlað að grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari Norðurlöndum.

Græn Norðurlönd

Grænu umskiptin eru lykilþáttur í því að ná markmiðum norrænu landanna í umhverfis- og loftslagsmálum, sem og markmiðinu um græn Norðurlönd. Umskiptunum fylgja bæði tækifæri og áskoranir. Forsendur til þróunar og til þess að njóta góðs af jákvæðum áhrifum umskiptanna eru misjafnar eftir svæðum á Norðurlöndum. Hraði hinna grænu umskipta og þörfin á jafnvægi á nýtingu lands í mismunandi tilgangi, svo sem til matvæla- og orkuframleiðslu, til atvinnustarfsemi eða búsetu, eða til náttúruverndar. Þetta kallar á aukna yfirsýn, forgangsröðun og mat á hagsmunum við skipulagningu byggða og samfélaga. Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til þarfa og réttinda norrænna frumbyggja við græn umskipti.

Norrænt samstarf í byggða- og skipulagsmálum getur lagt sitt af mörkum til þess að umskipti norrænu landanna á sviði loftslags- og orkumála fari fram í samræmi við sjálfbærar svæðisbundnar og staðbundnar lausnir þannig að græn umskipti skili ávinningi fyrir norræn byggðarlög.

Samkeppnishæf Norðurlönd

Samkeppnishæf Norðurlönd krefjast svæða sem einkennast af nýsköpun, aðlögunar- og þróunarhæfni og samkeppnishæfu atvinnulífi. Mikilvægur þáttur í því að leysa þetta felst í aðgerðum sem eru aðlagðar að mismunandi staðbundnum og svæðisbundnum aðstæðum og samkeppnisstöðu. Það er mikilvægt að norrænt samstarf í byggða- og skipulagsmálum styðji við og hvetji til aðgerða sem efla atvinnulífið svo svæðin geti nýtt tækifæri sín til snjallrar og sjálfbærrar þróunar.

Til að skapa samkeppnishæf Norðurlönd þar sem félagslegt jafnvægi ríkir er mikilvægt að tryggja eftirsóknarverð húsnæðis-, atvinnu- og búsetuskilyrði alls staðar á Norðurlöndum. Það kallar einnig á að til staðar sé góð umgjörð fyrir nýsköpun, þróun og atvinnuþátttöku, einkum á landsbyggðinni þar sem vegalengdir eru miklar og erfiðara getur verið að skapa eftirsóknarverð atvinnutækifæri og laða að og halda í hæft vinnuafli.

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála getur ýtt undir samþættingu og samræmdar lausnir á öllum svæðum á Norðurlöndum til að stuðla að samkeppnishæfum Norðurlöndum.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Lýðfræðileg, félagsleg og hagfræðileg þróun, með vaxandi mun bæði innan og á milli svæða með tilliti til mannfjöldaþróunar, íbúasamsetningar, menntunarstigs og tekna, hefur, ásamt tækniþróun, mikil áhrif á samfélagsþróunina, jafnt svæðisbundið og á Norðurlöndum. Þetta varðar bæði þær samfélagslegu áskoranir og þau tækifæri þessi þróun hefur í för með sér. Þetta getur leitt til minnkandi skatttekna og getu til að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir hæft vinnuafl og aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu. Í dreifbýli þar sem vegalengdir eru langar og svæði eru strjálbýlli er þetta oft stór áskorun sérstaklega ef upp koma staðbundnar eða svæðisbundnar krísur. Á sama tíma standa önnur landsvæði á Norðurlöndum frammi fyrir erfiðleikum vegna ört vaxandi íbúafjöldi á litlum landsvæðum.

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála getur stuðlað að því að efla félagslega sjálfbær Norðurlönd í gegnum nýskapandi norrænar lausnir á þessum mikilvægu samfélagslegu áskorunum á mismunandi svæðum á Norðurlöndum.

Norrænt samstarf á sviði byggða- og skipulagsmála

Fram til ársins 2030 verður því lögð áhersla á það í norrænu samstarfi um byggða- og skipulagsmál:

- að grænu umskiptin leiði til þróunar og tækifæra fyrir fólk og fyrirtæki á öllum svæðum Norðurlanda, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.
- að norræn svæði séu samkeppnishæf og samþætt.
- að örugg og góð lífsskilyrði séu bæði í þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum.

Norræna ráðherranefndin um sjálfbæran hagvöxt (byggðamál) hefur ákveðið markmið og undirmarkmið fyrir starfið á tímabilinu 2025–2030. Hinar pólitísku áherslur vísa veginn í allri starfsemi innan málefnaviðsins í norrænu samstarfi. Það felur í sér að á þessum markmiðum skuli byggja aðgerðir sem skili þeim árangri og hafi þau áhrif að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að.

Norrænt samstarf sem styður við aðgerðir sem sameiginleg áhersla er á og stuðlar að þekkingaryfirfærslu á milli norrænu ríkisstjórnanna og annarra norrænna aðila getur stuðlað að því að styrkja lands-, svæðis- og staðbundnar forsendur fyrir grænum,

samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum. Þekkingaryfirfærsla og lærdómur í gegnum rannsóknir og greiningar, eftirfylgni, mat og miðlun reynslu getur eflt norrænu löndin og svæði á Norðurlöndum til að takast á við mikilvægar samfélagslegar áskoranir og nýta betur þau tækifæri sem í þeim felast og stuðla þannig að því að uppfylla markmið norrænu landanna í byggða- og skipulagsmálum.

”

Öflugt borgarasamfélag, framboð á atvinnu, menntun, samgöngum og opinberri þjónustu og þjónustu einkaaðila á friðartímum jafnt sem krísutímum er mikilvægur hluti þess að tryggja öryggi og stöðugleika landsvæða, borga og sveita á öllum Norðurlöndum.

Markmið 1: Grænu umskiptin skapi skilyrði fyrir frekari þróun og ný tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki á öllum svæðum Norðurlanda, jafnt í þéttbýli sem í dreifbýli



Vinna að byggðamálum og mótun skipulags með samfélagslega áherslur, skiptir miklu máli til þess að skapa forsendur fyrir sjálfbærum grænum umskiptum. Það er mikilvægt að skipulag samfélaga á Norðurlöndum stuðli að sjálfbærum lífstíl og mannvænlegu umhverfi og hafi sem minnst áhrif á loftslag, verndi líffræðilega fjölbreytni og stuðli að mikilvægri þjónustu vistkerfisins. Byggða- og skipulagsmál í norrænu löndum eru mikilvæg verkfæri í þessu tilliti. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál á að stuðla að því að græn umskipti á Norðurlöndum hafi í för með sér þróun, tækifæri og gagnsemi fyrir byggðarlög á ólíkum svæðum, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli.

**Undirmarkmið 1.1:
Góður
þekkingargrunnur
og ferlar varðandi
skilvirka
landnýtingu og
forgangsröðun
lands eiga að vera
til staðar í norrænu
löndunum**

Grænu umskiptin krefjast þess að landi verði forgangsraðað í þágu framleiðslu á endurnýjanlegri orku, matvælaframleiðslu, skógræktar, útivistar, náttúruverndar og verndunar menningarumhverfis, auk þróunar á grænum atvinnugreinum. Landnotkun felur í sér áskoranir sem teygja sig yfir landamæri og mörk sveitarfélaga, svæða og lands og þörf er á lausnum þar sem landfræðileg tækifæri eru nýtt til fulls. Um leið þarf að líta á landnotkun sem hluta af stærri mynd og vinna gegn togstreitu á milli markmiða. Samstarfsáætlunin um byggða- og skipulagsmál mun vinna að því að bæta landnýtingu og stuðla að þróun og prófun á aðferðum og ferlum í skipulagsgerð.

**Undirmarkmið 1.2:
Byggðir í þéttbýli
og dreifbýli eiga að
hafa góðar
forsendur til þess
að njóta góðs af
þeim tækifærum
sem felast í
grænum
umskiptum**

Norrænu löndin standa frammi fyrir margs konar samhangandi samfélagslegum áskorunum þvert á landamæri, svo sem grænum og stafrænum umskiptum, lýðfræðilegum breytingum, framboði og þróun á færu vinnuafli og þróun á færni og þenslu á samgöngum og innviðum. Mikilvægt er að styðja við aðgerðir sem stuðla að því að leysa þær áskoranir sem borgir og bæir, einkum dreifbýli, standa frammi fyrir við að njóta góðs af þeim tækifærum sem í grænum umskiptum felast. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun vinna að því að auka tækifæri og efla byggð og samfélög í bæði þéttbýli og dreifbýli til þess að sem flest svæði og samfélög geti notið góðs af grænu umskiptunum og nýtt sér tækifæri til snjallrar og sjálfbærrar þróunar.

Markmið 2: Norræn svæði séu samkeppnishæf og samþætt



Forsenda samkeppnishæfra Norðurlanda er að alls staðar á Norðurlöndum séu skilyrði fyrir fyrirtæki góð og þau geti stuðlað að hagvexti, þróun og velsæld. Mikill munur getur þó verið á skilyrðum í borgum og bæjum annars vegar og dreifbýli hins vegar. Stafvæðing, notkun nýrrar tækni (til dæmis gervigreindar), aðgengi að menntun, aðgerðir sem örva atvinnulífið og opinber og einkarekin þjónusta eru atriði sem skipta sköpum þegar kemur að því að laða að nauðsynlegt og hæft vinnuafli og tryggja eftirsóknarverð lífsskilyrði. Mikilvægt er að norrænu löndin vinni saman að þessum sameiginlegu úrlausnarefnum til þess að styrkja Norðurlönd í heild og styðja við samstarf þvert á landamæri og lausnir sem eru aðlagaðar hverjum stað fyrir sig. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun vinna að því að styrkja svæðis- og staðbundna samkeppnishæfni, viðnámsþrótt og samþættingu þvert á landamæri og mörk sveitarfélaga og svæða á Norðurlöndum.

Undirmarkmið 2.1: Á öllum svæðum á Norðurlöndum eiga að vera góð rammaskilyrði fyrir sjálfbæran hagvöxt, nýsköpun og viðnámsþrótt

Nýsköpun, frumkvöðlastarf og atvinnustarfsemi eru lykilþættir á grænum og samkeppnishæfum Norðurlöndum og í því að leysa þau stóru samfélagslegu viðfangsefni sem hafa áhrif á byggðarlög á Norðurlöndum. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun stuðla að því að skapa góð skilyrði og forsendur fyrir sjálfbæra atvinnustarfsemi, nýsköpun og viðnámsþrótti á öllum norrænum svæðum.

Undirmarkmið 2.2: Góð skilyrði séu fyrir því að laða að og halda í hæft vinnuafli öllum svæðum Norðurlanda

Það skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Norðurlanda að fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum hafi gott aðgengi að hæfu vinnuafli. Hæfni og gott framboð á vinnuafli gerir möguleg þau umskipti á vinnumarkaði sem nauðsynleg eru til að ná fram sjálfbærri þróun og aukinni samkeppnishæfni. Stafrænar lausnir í mennta- og atvinnulífi geta stækkað hóp vinnuafli sem hægt er að sækja starfsfólk úr, einnig á landsbyggðinni þar sem vegalengdir eru langar, og auðveldað þróun, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi og opinbera geiranum. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun leggja sitt af mörkum til þess að styðja við lausnir í tengslum við framboð á hæfu vinnuafli út frá svæðisbundnum sjónarmiðum og ólíkum aðstæðum norrænna byggðarlaga.

**Undirmarkmið 2.3:
Góð rammaskilyrði
skulu vera fyrir
samstarfi yfir
landamæri og
starfssvæði**

Það á að vera einfalt að búa, stunda nám, vinna, ferðast og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum og þvert á landamæri. Landamærasvæði Norðurlanda vinna saman að því að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins, aðlaga færniframboð, greina og fjarlægja stjórnsýsluhindranir, þróa sjálfbærar og loftslagsvænar lausnir í umhverfis- og orkumálum og stuðla að sjálfbærri landnotkun ásamt þróun innviða og upplýsingagjöf þvert á landamæri. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun beita sér fyrir sjálfbærri svæðisþróun sem teygir sig yfir landamæri með það fyrir augum að stuðla að lífvænlegum landamærasvæðum sem stuðla að samþættum, grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Markmið 3: Lífsskilyrði séu örugg og góð í bæði þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum



Öryggi og góð lífsskilyrði í borgum, bæjum og í dreifbýli á Norðurlöndum felast meðal annars í aðgengi íbúa að fjölbreyttum atvinnutækifærum, bæði í einkageiranum og opinberri þjónustu ásamt því að tryggja fólki stöðuga afkomu og fyrirtækjum og sveitarfélögum tryggt rekstraröryggi og tekjustofna, í jafnvægi sem og á krísutímum. Í því felst einnig að til staðar sé gott og eftirsóknarvert búsetuumhverfi þar sem náttúran og virðing fyrir menningarlandslagi á hverjum stað er mikilvægur grundvöllur samfélagsins. Þetta er forsenda þess að geta laðað að og haldið í bæði ungt og eldra fólk í dreifbýli. Byggðastefna og skipulag í norrænu löndunum gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að styðja við sjálfbærar lausnir sem taka mið af forsendum og aðlögunarhæfni hvers svæðis fyrir sig. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál á að leggja sitt af mörkum til þess að efla getu norrænna byggða til að skapa sjálfbær og viðnámsþolin svæði sem fólk sækist eftir því að búa á, ásamt því að stuðla að skapandi lausnum í tengslum við umskipti yfir í sjálfbær og lífvænleg samfélög.

Undirmarkmið 3.1: Í borgum, bæjum og dreifbýli á Norðurlöndum á að vera jákvæð félagsleg þróun

Mikilvægt er að vinnan að byggða- og skipulagsmálum stuðli að því að sporna gegn og takast á við búsetuáðgreiningu, félagshagfræðilegan ójöfnuð og félagslega útilokun. Þetta er sameiginlegt viðfangsefni í stórum og litlum borgum og bæjum alls staðar á Norðurlöndum. Fjórða iðnbyltingin í minni bæjum og á landsbyggðinni kallar jafnframt á skýrari heildarsýn á skipulag samfélaga og tengingu á milli staðbundins vinnumarkaðs og framboðs á húsnæði til að stuðla að sjálfbærri þróun. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál á að leggja sitt af mörkum til að skapa jöfn skilyrði fyrir alla, óháð búsetu, greina sameiginlegar áskoranir í tengslum við byggingu á og aðgengi að gæðahúsnæði í þéttbýli og dreifbýli á Norðurlöndum, ásamt því að styðja við lausnir sem tryggja geta mismunandi húsnæðiskosti á landsbyggðinni.

Undirmarkmið 3.2: Gott aðgengi á að vera að opinberri og einkarekinni þjónustu, jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum, á svæðum Norðurlanda

Gott og stöðugt aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu er grundvallarskilyrði til þess að eftirsóknarvert sé að búa þar, stunda nám og starfa alls staðar á Norðurlöndum og jafnframt forsenda fyrir samkeppnishæfni. Þetta á einnig við í dreifbýli þar sem vegalengdir eru langar og fáir íbúar. Jafnframt undirstrikar breytt staða heimsmála mikilvægi öflugra samfélaga. Norrænt samstarf um byggða- og skipulagsmál mun efla samstarf og viðbúnað staðbundið og á milli ólíkra aðila í norrænu löndunum til þess að skapa gott aðgengi að opinberri og einkarekinni þjónustu alls staðar á Norðurlöndum. Þessu er ætlað að gera norræn svæði eftirsóknarverðari og efla samheldni, nálægð og viðnámsþrótt jafnt í daglegu lífi sem á krísutímum.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabili verður unnin úttekt og á grundvelli hennar getur ráðherranefndin ákveðið að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að móta starfsáætlun seinna tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um byggðapróun og skipulagsmál 2025–2030

PolitikNord 2024:752

ISBN 978-92-893-7977-9 (PDF)

ISBN 978-92-893-7978-6 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-752>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: norden.org, Pixabay, ImageBank Sweden, Business Finland

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur